

Myndmennt

Kennarar: Helga B. Helgadóttir

Lýsing

Í list- og verkgreinum þroska nemendur með sér sjálfstætt gildismat, þar sem lögð er áhersla á að kynnast og njóta menningar. Nemendur fá að tjá sig og allir hafa hæfileika til að skapa.

Myndmennt er skapandi námsferli þar sem nemandi þróar leikni sína í ólíkum nálgunum t.d. í teikningu, málun, mótun, þrykki, klippiaðferð og skjámiðlum.

Markmið

Markmið með kennslu í sjónlistum á unglingsstigi er að nemendur átti sig betur á mikilvægi myndbyggingar, læri mikilvægi skissugerðar sem hluti af vinnuferli og þekki hugtakið fjarvidd sem og að geta unnið einföld verk í fjarvidd með sjónhæðarlínu og hvarfapunkti. Einnig að geta teiknað mynd eftir uppstillingu og geti lýst skoðun sinni á myndlist.

Námsefni

Ýmis efni og áhöld.

Kennsluaðferðir

Ýmis verkefni frá kennara, einstaklingsvinna, umræður og fl

Námsmat

Metin er frammistaða og vinnusemi, símat.

Sjónlistir fyrir 8.- 10. bekk - Sjónlistir

- Valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla, greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni.
- Skrásett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafli og / eða rannsókn, myndræntog/ eða í texta.
- Notað orðaforða og hugtök til að tjá skoðanir sýnar á myndlist og hönnun og fært rök fyrir þeim út frá eigin gildismati.
- Sýnt og útskýrt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m.a. í sér upplýsingaöflun, tilraunir og samtal.